

Knattspyrnusamband Íslands



2014

**69. ársþing KSÍ
Skýrslur nefnda**

Efnisyfirlit

Stjórn og nefndir KSÍ	2
Skýrsla landsliðsnefndar karla	4
Skýrsla U21 landsliðsnefndar karla	5
Skýrsla unglínganefndar karla	7
Skýrsla landsliðsnefndar kvenna	10
Skýrsla unglínganefndar kvenna	11
Skýrsla mótanefndar	24
Skýrsla dómarnefndar	31
Skýrsla aga- og úrskurðarnefndar	38
Skýrsla háttvísinefndar	39
Skýrsla samninga- og félagaskiptanefndar	41
Skýrsla fræðslunefndar	43
Skýrsla útbreiðslunefndar	46
Skýrsla hæfileikanefndar	48
Skýrsla mannvirkjanefndar	55
Heiðursviðurkenningar	56

Yfirlit yfir kærur og úrskurði má sjá í skýrslu stjórnar og á vef KSÍ undir
www.ksi.is/log-og-reglugerdir/domasafn/

Yfirlit landsleikja ársins má sjá á vef KSÍ undir
www.ksi.is/landslid/landsleikir/

Yfirlit þeirra landsliðsmanna sem tóku þátt í verkefnum ársins má sjá á vef KSÍ undir
www.ksi.is/mot/leikir-mork-lids/

Stjórn og nefndir KSÍ

Stjórn (ársþing)

Geir Þorsteinsson	formaður
Gylfi Þór Orrason	varaformaður
Guðrún Inga Sívertsen	gjaldkeri
Gísli Gíslason	ritari
Jóhannes Ólafsson	
Róbert B. Agnarsson	
Rúnar Arnarson	
Ragnhildur Skúladóttir	
Vignir Már Þormóðsson	

Varastjórn (ársþing)

Ingvar Guðjónsson
Jóhann Torfason
Þórarinn Gunnarsson

Landshlutafulltrúar (ársþing)

Valdemar Einarsson	Austurland
Björn Friðþjófsson	Norðurland
Tómas Þóroddsson	Suðurland
Jakob Skúlason	Vesturland

Framkvæmdastjórn

Geir Þorsteinsson	formaður
Gísli Gíslason	
Guðrún Inga Sívertsen	
Gylfi Þór Orrason	
Róbert B. Agnarsson	

Rekstrarstjórn Laugardalsvallar

Geir Þorsteinsson	formaður
Guðrún Inga Sívertsen	
Ingvar Sverrisson	
Ómar Einarsson	
Þórir Hákonarson	

Dómaranefnd

Gylfi Þór Orrason	formaður
Ari Þórðarson	
Bragi Bergmann	
Gísli Gíslason	
Jón Sigurjónsson	
Pjetur Sigurðsson	
Ragnhildur Skúladóttir	
Þórarinn Gunnarsson	

Fjárhagsnefnd

Guðrún Inga Sívertsen	formaður
Eggert Steingrímsson	
Rúnar Arnarson	
Þórir Hákonarson	

Fræðslunefnd

Ragnhildur Skúladóttir	formaður
Guðni Kjartansson	
Gylfi Þór Orrason	
Sigurður Þórir Þorsteinsson	
Sigurður Sighvatsson	
Sigvaldi Einarsson	
Örn Ólafsson	

Laga- og leikreglanefnd

Gísli Gíslason	formaður
Guðmundur H. Pétursson	
Þórarinn Gunnarsson	

Landsliðsnefnd karla

Rúnar Arnarson	formaður
Jóhannes Ólafsson	
Róbert Agnarsson	
Þorgrímur Þráinsson	

Landsliðsnefnd kvenna (A og U21)

Guðrún Inga Sívertsen	formaður
Arna Steinsen	
Erla Hendriksdóttir	
Laufey Sigurðardóttir	
Hanna Dóra Magnúsdóttir	
Ragnhildur Skúladóttir	

Landsliðsnefnd U21 karla

Vignir Þormóðsson	formaður
Einar Kristján Jónsson	
Gísli Gíslason	
Jónas Þórhallsson	
Steinn Halldórsson	

Unglinganefnd karla (U19 og U17)

Þórarinn Gunnarsson	formaður
Gunnar Gunnarsson	
Ingvar Guðjónsson	
Jóhann Torfason	
Magnús Brandsson	
Ómar B. Stefánsson	
Sigurður Helgason	
Þórður Lárusson	

Unglinganefnd kvenna (U19 og U17)

Ragnhildur Skúladóttir	formaður
Hanna Dóra Markúsdóttir	
Jakob Skúlason	
Kristbjörg Ingadóttir	
Sigrún Ríkharðsdóttir	
Sigríður Pálsdóttir	
Tómas Þóroddsson	

Mannvirkjanefnd

Gísli Gíslason	formaður
Bjarni Þór Hannesson	
Jón Runólfsson	
Margrét Leifsdóttir	
Kristján Ásgeirsson	
Rúnar Arnarson	
Þorbergur Karlsson	

Mótanefnd

Róbert B. Agnarsson	formaður
Atli Þórsson	
Björn Friðþjófsson	
Helga Friðriksdóttir	
Ingvar Guðjónsson	
Valdemar Einarsson	
Þórarinn Gunnarsson	

Samninga- og félagaskiptanefnd

Jóhannes Ólafsson	formaður
Stefán Geir Þórisson	
Örn Gunnarsson	
Gísli Hall (til vara)	
Guðmundur H. Pétursson (til vara)	
Jóhann Albertsson (til vara)	

Útbreiðslunefnd

Vignir Már Þormóðsson	formaður
Björn Friðþjófsson	
Jakob Skúlason	
Tómas Þóroddsson	
Valdemar Einarsson	
Vigfús Örn Gíslason (til vara)	
Ómar B. Stefánsson (til vara)	
Magnús Ásgrímsson (til vara)	
Trausti Hjaltason (til vara)	

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2014

Hæfileikanefnd

Þórarinn Gunnarsson formaður
Einar Hermannsson
Hjördís Baldursdóttir
Íris Björk Eysteinsdóttir
Jóhann Torfason
Unnsteinn Jónsson
Þorsteinn Hilmarsson

Sögufund

Ágúst Ingi Jónsson formaður
Ásta B. Gunnlaugsdóttir
Ellert B. Schram
Halldór Einarsson
Jón Gunnlaugsson

Heilbrigðisnefnd

Reynir Björn Björnsson formaður
Einar Jónsson
Friðrik Ellert Jónsson
Gauti Laxdal
Hjalti Kristjánsson
Hjörtur Þór Hauksson
Stefán Stefánsson
Svala Helgadóttir
Sveinbjörn Brandsson

Þjálfaranefnd

Atli Eðvaldsson
Ásgeir Sigurvinsson
Eyjólfur Sverrisson
Guðjón Þórðarson
Guðni Kjartansson
Helena Ólafsdóttir
Jóhannes Atlason
Jörundur Áki Sveinsson
Logi Ólafsson
Ólafur Jóhannesson
Sigurður R. Eyjólfsson
Vanda Sigurgeirsdóttir

Starfshópur um framkvæmd jafnréttisáætlunar

Guðrún Inga Sívertsen formaður
Helga Friðriksdóttir
Hörður Guðbjörnsson
Kristín Arnþórsdóttir
Pétur Magnússon

Starfshópur stjórnar

Gísli Gíslason formaður
Gylfi Þór Orrason
Róbert Agnarsson
Rúnar Arnarson
Vignir Már Þormóðsson

Starfshópur um jöfnun ferðakostnaðar

Jóhannes Ólafsson formaður
Bjarni Ólafur Birkisson
Borghildur Sigurðardóttir
Jóhann Torfason
Kristinn Kjærnested

Starfshópur um uppalda leikmenn

Gísli Gíslason formaður
Almar Guðmundsson
Börkur Edvardsson
Jónas Gestur Jónasson
Róbert Agnarsson

Starfshópur um aldursflokkaskiptingu

Róbert Agnarsson formaður
Gísli Gíslason
Lúðvík Arnarson
Selma Sigurjónsdóttir
Viggó Magnússon

Starfshópur um félagaskipti og samninga

Örn Gunnarsson formaður
Ásgeir Ásgeirsson
Eysteinn Pétur Lárusson
Kjartan Páll Þórarinnsson

Framkvæmdanefnd EM U17 kvenna 2015

Guðrún Inga Sívertsen formaður
Ragnhildur Skúladóttir
Lúðvík S Georgsson
Þórarinn Gunnarsson
Jakob Skúlaon

Siðanefnd (ársþing) til 2016

Albert Eymundsson formaður
Eiríkur Biörgvinsson
Kristrún Heimisdóttir
Hanna S. Sigurðardóttir (til vara)
Helgi Þorvaldsson (til vara)
Rósa Júlía Steinþórsdóttir (til vara)

Aga- og úrskurðarnefnd (ársþing) til 2015

Gunnar Guðmundsson formaður
Halldór Frímannsson varaformaður
Sigurður Ingi Halldórsson varaformaður
Einar M. Árnason
Helgi R. Magnússon
Sigrún Óttarsdóttir
Sigurður Guðmundsson
Þróstur Ríkharrðsson

Áfrýjunardómstóll KSÍ (ársþing)

Sigurður G. Guðjónsson forseti
Guðmundur Pétursson
Lúðvík Örn Steinarsson
Brynjar Nielsson (til vara)
Guðmundur Þórðarson (til vara)
Hörður Felix Harðarson (til vara)
Jóhannes A. Sævarsson (til vara)
Kolbeinn Árnason (til vara)

Leyfisdomur KSÍ (ársþing) til 2015

Gísli Hall formaður
Elías Hergeirsson
Ragnar Gíslason
Rúnar Gíslason
Stefán Gunnlaugsson

Leyfisráð KSÍ (ársþing) til 2015

Lúðvík S. Georgsson formaður
Eggert Steingrímsson
Guðmundur H. Pétursson
Stefán Bergsson
Örn Gunnarsson

Kjörnefnd (ársþing)

Steinn Halldórsson formaður
Borghildur Sigurðardóttir
Jónas Gestur Jónasson

Kjörnir skoðunarmenn (ársþing)

Dýri Guðmundsson
Haukur Gunnarsson
Elías Hergeirsson (til vara)
Þór Símon Ragnarsson (til vara)

Kjörinn endurskoðandi (ársþing)

Björn Ingi Victorsson

Skýrsla landsliðsnefndar karla

Í nefndinni sátu Rúnar Arnarson, formaður, Jóhannes Ólafsson, Róbert Agnarsson og Þorgrímur Þráinsson. Með nefndinni störfuðu Þórir Hákonarson og Gunnar Gylfason. Heimir Hallgrímsson og Lars Lagerbäck voru landsliðsþjálfarar og Guðmundur Hreiðarsson markvarðþjálfari. Læknar landsliðsins voru Sveinbjörn Brandsson, Reynir Björnsson og Gauti Laxdal, sjúkraþjálfarar þeir Stefán Hafþór Stefánsson, Friðrik Ellert Jónsson og Rúnar Pálmarsson. Nuddari var Óðinn Svansson og búningastjóri Sigurður Sveinn Þórðarson.

Verkefni og leikmenn

Landsliðið lék níu leiki á árinu, fjóra í undankeppni EM 2016 og fimm vináttulandsleiki. Sigur vannst í fjórum leikjum, eitt jafntefli, en fjórir leikir töpuðust. Í þessum níu leikjum léku 38 leikmenn og aðrir 6 leikmenn voru í hóp. Fjórir leikmenn léku átta af þessum níu leikjum ársins - þeir Ari Freyr Skúlason, Aron Einar Gunnarsson, Birkir Bjarnason, Ragnar Sigurðsson og Theodór Elmar Bjarnason. Ari, Gylfi Þór Sigurðsson, Hannes Þór Halldórsson, Kolbeinn Sigþórsson og Sölvi Geir Ottesen léku sína 25. landsleiki á árinu. Fimm leikmenn, Guðlaugur Victor Pálsson, Guðmundur Þórarinnsson, Hörður Björgvin Magnússon, Ingvar Jónsson og Sverrir Ingi Ingason léku sinn fyrsta A landsleik á árinu.

Vináttulandsleikir

Fyrsti landsleikur ársins var gegn Svíum í Abu Dhabi. Leikurinn var utan landsleikjadaga og liðið því skipað leikmönnum frá félagsliðum í Skandinavíu og á Íslandi. Svíar voru heldur sterkari í leiknum, skoruðu eitt mark í hvorum hálfleik og unnu 2-0.

Næsti leikur var gegn Wales í Cardiff í mars. Heimamenn unnu 3-1 sigur, Jóhann Berg Guðmundsson skoraði mark Íslands þegar hann jafnaði leikinn um miðjan fyrri hálfleik.

Austurríkismenn voru heimsóttir til Innsbrück í lok maí og endaði sá leikur með 1-1 jafntefli. Kolbeinn Sigþórsson jafnaði leikinn í upphafi síðari hálfleiks.

Eini vináttuleikurinn á heimavelli var gegn Eistlandi í byrjun júní, þar sem 1-0 sigur vannst og skoraði Kolbeinn markið úr víti fljótlega í síðari hálfleik.

Síðasti vináttuleikurinn var í nóvember gegn Belgum í Brüssel. Heimamenn unnu 3-1 sigur, Alfreð Finnbogason skoraði mark Íslands.

Undankeppni EM 2016 - riðlakeppni

Í febrúar var dregið í riðla fyrir undankeppni EM í Frakklandi 2016. Ísland var í 5. styrkleikaflokki og dróst í riðil með Hollandi, Tékklandi, Tyrklandi, Lettlandi og Kasakstan.

Fyrsti leikurinn var gegn Tyrkjum á Laugardalsvelli í byrjun september og vann íslenska liðið afar sannfærandi 3-0 sigur. Jón Daði Böðvarsson skoraði í fyrri hálfleik og þeir Gylfi Þór og Kolbeinn skoruðu sitt hvort markið með mínútu millibili í síðari hálfleik.

Í október voru tveir leikir. Fyrst var leikið gegn Lettum í Riga og aftur vannst þriggja marka sigur. Gylfi Þór, Aron Einar og Rúrik Gíslason skoruðu sitt markið hver á síðustu 25 mínútum leiksins.

Premur dögum síðar voru Hollendingar mættir á Laugardalsvöllinn með bronslið sitt frá HM í Brasilíu. Íslenska liðið vann afar sannfærandi 2-0 sigur, og skoraði Gylfi Þór bæði mörkin í fyrri hálfleik.

Síðasti leikur ársins var toppslagur gegn Tékkum í Pilsen, en bæði liðin voru með 9 stig eftir þrjá leiki. Ragnar Sigurðsson skoraði snemma leiks, en Tékkar jöfnuðu með síðustu spyrnu fyrri hálfleiks. Eina mark síðari hálfleiks var sjálfsmark íslenska liðsins og Tékkar unnu 2-1 sigur.

Eftir fjórar umferðir eru Tékkar með 12 stig, Ísland 9, Hollendingar 6, Tyrkir 4, Lettar 2 og Kasakar 1 stig.

Lokaorð

Það er spennandi ár framundan hjá landsliðinu og með sama áframhaldi aukast líkurnar á að komast á EM í Frakklandi 2016. Þangað stefnum við ótrauðir.

Ég vil þakka leikmönnum, þjálfurum og starfsfólki landsliðsins kærlega fyrir samstarfið og góð störf á liðnu ári. Einnig þakka ég meðreiðarsveinum mínum í landsliðsnefndinni fyrir þeirra störf.

Rúnar V. Arnarson, formaður

Skýrsla U21 landsliðsnefndar karla

Nefndina skipuðu Vignir Már Þormóðsson formaður, Gísli Gíslason, Steinn Halldórsson, Jónas Þórhallsson og Einar Jónsson. Starfsmaður nefndarinnar var Guðlaugur Gunnarsson. Þjálfari liðsins var Eyjólfur Sverrisson, aðstoðarþjálfari Tómas Ingi Tómasson, markmannsþjálfari Þórður Þórðarson, læknar Hjalti Kristjánsson og Baldur Þórólfsson, sjúkráþjálfari Róbert Magnússon og liðsstjóri Lúðvík Jónsson.

Undankeppni EM 2015

Liðið lék þrjá leiki í undankeppni EM á árinu - gegn Kasakstan ytra, Armeníu á Fylkisvelli og gegn Frökkum ytra. Einnig var leikinn vináttulandsleikur gegn Svíum á Akranesvelli og tveir umspilsleikir um laust sæti í lokakeppni EM 2015.

Leikið var gegn Kasakstan 5. mars á Astana Arena, sem er knattspyrnuhús með sætum fyrir 34 þúsund áhorfendur, en á þessum árstíma er 25 gráðu frost í Kasakstan. Ísland var sterkari aðilinn í leiknum en engu að síður komst Kasakstan í 2-0 með mörkum á 7. og 12. mínútu fyrri hálfleiks. Í síðari hálfleik voru yfirburðir okkar manna þó nokkrir og tókst þeim að jafna leikinn með mörkum Hólmberts Arons Friðjónssonar á 60. mínútu og Hjartar Hermannssonar á 67. mínútu. Kasakstan missti svo mann af velli en samt sem áður tókst Kasakstan að skora sigurmark sitt í leiknum á 89. mínútu og niðurstaðan því 3-2 tap.

Annar leikur ársins var æfingaleikur gegn Svíum á Akranesvelli 5. júní. Einungis 7 leikmenn sem voru í leikmannahópnum gegn Kasakstan léku gegn Svíum, þar af aðeins einn byrjunarliðsmaður, en ekki var leikið á alþjóðlegum leikdegi. Svíar, sem voru ekki heldur með sitt allra sterkasta lið, voru betri aðilinn í leiknum og unnu sanngjarnan 2-0 sigur.

Þriðji leikurinn var gegn Armeníu 6. september á Fylkisvelli. Ljóst var fyrir leikinn að Ísland yrði að fá allavega 4 stig úr tveimur síðustu leikjunum og yrði að skora sem flest mörk ætlaði liðið að eiga möguleika á því að komast í umspil um laust sæti í úrslitakeppni EM 2015. Það var því blásið til sóknar í leiknum. Armenar vörðust vel, en réðu þó ekki við skalla Hólmberts Arons Friðjónssonar á 24. mínútu. Íslenska liðið hélt áfram að sækja og uppskar vítaspyrnu á 57. mínútu. Hólmbert Aron tók spyrnuna af miklu öryggi og skoraði sitt annað mark í leiknum. Emil Atlason skoraði síðan þriðja mark leiksins af mikilli þrautseigju á 68. mínútu, var honum í kjölfarið skipt útaf og inn kom Ólafur Karl Finsen sem jafnframt skoraði svo síðasta mark leiksins á 90. mínútu með hnitmiðuðu skoti í bláhornið. Öruggur sigur og menn staðráðnir í að gera sitt besta í síðasta leik og tryggja liðinu þátttöku í umspilinu.

Síðasti leikur riðlakeppninnar og fjórði leikur ársins var gegn Frökkum 8. september og var leikið á Abbé Deschamps vellinum í Auxerre. Liðið þurfti nauðsynlega á a.m.k. einu stigi að halda og var farið vel yfir varnarleikinn á æfingum fyrir leikinn. Frakkar mættu með sitt allra sterkasta lið og voru fyrir leikinn búnir að skora 27 mörk í keppninni. Íslenska liðið spilaði mjög sterkan varnarleik og fékk franska liðið sitt fyrsta færi í leiknum í upphafi síðari hálfleiks, þrátt fyrir að hafa verið mun meira með boltann. Okkar lið reyndi að beita skyndisóknum, en varð lítið ágengt. Frökkum tókst svo að rjúfa varnarmúr Íslands á 63. mínútu, en smá heppnisstimpill var á marki þeirra því segja má að leikmaður Frakka hafi ekki hitt boltann eins og hann ætlaði, en það dugði og staðan orðin 1-0 fyrir Frakka. Fljótlega eftir markið var óþreyttum sóknarmönnum Íslands skipt inn á og urðu sóknir liðsins fleiri og beittari. Upp úr einni slíkri á 80. mínútu fékk Ísland hornspyrnu og úr henni skallaði Kristján Gauti Emilsson boltann í netið hjá Frökkunum og jafnaði leikinn. Það sem eftir lifði leiks varðist Ísland vel og stigið sem þurfti til að tryggja umspilssætið var í höfn.

Í umspilinu mætti Ísland síðan Danmörku í tveimur leikjum. Fyrri leikurinn fór fram 10. október á Aalborg Stadion í Danmörku. Eins og þegar liðið tók þátt í lokakeppninni 2011 í Danmörku þá setti verkfall strík í reikninginn. Árið 2011 kom til verkfalls flugumferðarstjóra á Íslandi sem varð til þess að liðið missti af tengiflugi frá Kaupmannahöfn til Álaborgar, en nú varð skyndiverkfall flugvallarstarfsmanna á Kastrup sem varð þess valdandi að enginn farangur fylgdi liðinu til Álaborgar. Kom síðan í ljós að farangurinn hafði aldrei verið tekinn úr vélinni á Kastrup og því farið aftur til Íslands, og kæmi ekki til Danmerkur aftur fyrr en með fyrstu vél frá Íslandi daginn eftir. Forsvarsmenn AaB brugðust afar vel við bón okkar um að fá lánaðan æfingafatnað og hafi þeir þökk fyrir. Auðvitað voru leikmenn með fótboltaskóna sína í handfarangri þannig að til æfinga var haldið. Danir hafa yfir mjög sterku liði að ráða í þessum aldursflokki og voru t.d. 6 leikmenn sem voru gjaldgengir í U21 aldursflokki heldur valdir í A-landsliðið, og voru því ekki með gegn Íslandi.

Það var því ljóst fyrir báða leikina að spilaður yrði stífur varnarleikur og treyst á skyndisóknir. Enda báru báðir leikir liðsins það með sér. Leikurinn í Danmörku var aldrei skemmtilegur á að horfa og fékk íslenska liðið ekki eitt einasta færi, en það danska fékk eitt ágætisfæri og endaði leikurinn 0-0. Mikið og gott vinnuframlag strákanna skilaði þessum úrslitum, en Danir höfðu skorað mest allra þjóða í riðlakeppninni. Síðari leikurinn, sem fram fór á Laugardalsvelli 14. október, var öllu opnari og fengu Danirnir þó nokkur færi í leiknum. Allt stefndi í framlengingu þegar gestunum tókst loks að skora á 90. mínútu. Ísland varð þá að skora tvö mörk í uppbótartímanum því Danir voru áfram í þessari stöðu með marki skorðu á útivelli. Ísland lagði því allt í sóknina og fékk vítaspyrnu á þriðju mínútu uppbótartíma sem Hólmbernt Aron Friðjónsson skoraði úr. Danir tóku síðan miðju, en þá flautaði dómari leiksins til leiksloka og Danir því komnir í umspil á þessu dýrmæta marki á Laugardalsvelli.

Leikmenn

Alls tók þrjátíu og einn leikmaður þátt í öllum leikjum ársins. Þar af tók tuttugu og einn leikmaður þátt í mótssleikjunum fimm. Andri Rafn Yeoman, Arnór Ingvi Traustason, Guðmundur Þórarinnsson og fyrirliðinn Sverrir Ingi Ingason náðu að vera í byrjunarliðinu alla mótssleiki ársins.

Lokaorð

Árangurinn á þessu ári var góður. Einungis í annað sinn í sögunni komumst við í umspilsleiki um að komast í úrslitakeppni og nær því að komast alla leið gátum við ekki verið. Það ber að hrósa sérstaklega öflugum hópi leikmanna, þjálfara og starfsmanna fyrir vel unnin störf.

Í þessari keppni höfðu þjálfararnir í raun úr fjórum sterkum árgöngum að velja og kemur það vonandi okkur til góða þar sem 9 leikmenn úr síðasta hópi eru gjaldgengir áfram í næstu keppni, og þar af spiluðu 3 af þeim flestalla leikina. Spennandi verður því að sjá hvernig þjálfurunum tekst að púsla nýju liði saman á skömmum tíma. Undirbúningurinn er þegar hafinn með þremur æfingahelgum, reyndar eingöngu með leikmönnum spilandi á Íslandi, og vonandi náum við síðan að semja um einn æfingaleik áður en riðlakeppnin hefst. Spilað verður eftir nýju fyrirkomulagi og í fyrsta sinn verður 12 liða úrslitakeppni árið 2017. Þangað stefnum við að sjálfsögðu!

Að lokum vil ég þakka samnefndarmönnum mínum, leikmönnum, þjálfurum, sjúkraþjálfurum, læknum, liðsstjórum og starfsmönnum á skrifstofu KSÍ fyrir mjög gott samstarf.

Vignir Már Þormóðsson, formaður

Skýrsla unglínganefndar karla

Nefndina skipuðu Þórarinn Dúi Gunnarsson, formaður, Gunnar Gunnarsson, Ingvar Guðjónsson, Jóhann Torfason, Ómar Bragi Stefánsson, Magnús Brandsson, Sigurður Helgason, og Þórður Georg Lárusson. Starfsmaður nefndarinnar var Gunnar Gylfason.

Starfssvið nefndarinnar er sem fyrr umsjón með drengja- og unglíngalandsliðum Íslands. Þorlákur Már Árnason var ráðinn þjálfari U17, Kristinn Rúnar Jónsson þjálfaði U19 landsliðið og Freyr Sverrisson hafði umsjón með verkefnum U16 og U15, úrtökumóti og knattspyrnskólanum ásamt því að vera Þorláki til aðstoðar í verkefnum U17 landsliðsins. Ólafur Ólafsson var aðstoðarþjálfari U19. Liðsstjórar voru Gunnlaugur Hreinsson og Júlíus Ármann Júlíusson hjá U17 og Ragnar Bogi Pedersen hjá U19. Læknar í ferðum liðanna voru Kári Sigurðsson, Sólveig Jónsdóttir, Rólant Christiansen og Ægir Amin Hasan, sjúkráþjálfarar Gunnar Örn Ástráðsson, Halldór Sigurðsson og Rúnar Pálmarsson.

U17 - Leikmenn fæddir 1997 og síðar

Verkefni þessa liðs var milliriðill Evrópumótsins og tveir vináttuleikir í undirbúningi fyrir það mót.

Vináttuleikir við Norðmenn

Leiknir voru tveir vináttulandsleikir við Norðmenn í Kórnum um mánamótin febrúar/mars. Norðmenn unnu báða leikina, þann fyrri 1-3 þar sem Sólon Breki Leifsson skoraði mark Íslands og þann seinni 0-2.

Milliriðill í Portúgal

Auk heimamanna voru Lettar og Úkraínumenn í riðlinum sem leikinn var í lok mars.

Fyrsti leikurinn var gegn Úkraínumönnum, sem skoruðu sitt hvoru megin við leikhléið og unnu 2-0 sigur.

Annar leikurinn var gegn Lettum og þrátt fyrir mörg færi tókst ekki að skora og leikurinn endaði 0-0.

Þriðji leikurinn var gegn heimamönnum sem þá þegar voru búnir að tryggja sæti sitt í úrslitunum en gáfu ekkert eftir og unnu 3-0 sigur og enduðu með fullt hús stiga. Úkraínumenn hlutu 6 stig og Íslendingar og Lettar eitt stig hvor þjóð.

U17 - Leikmenn fæddir 1998 og síðar

Þrjú verkefni voru hjá þessu liði, en það var undirbúningsmót á vegum UEFA í apríl, Norðurlandamót í ágúst og undankeppni Evrópumótsins í október.

Undirbúningsmót á Norður-Írlandi

Mótherjar voru eins og árið áður Færeyingar, Norður-Írjar og Walesverjar.

Fyrsti leikurinn var gegn Wales sem unnu 2-1, mark íslenska liðsins var sjálfsmark Walesverja.

Annar leikurinn var gegn Norður-Írum sem unnu 1-0.

Þriðji leikurinn var gegn Færeyingum og þar vann íslenska liðið 5-0. Erlingur Agnarsson, Dagur Austmann Hilmarsson, Kristófer Konráðsson, Sveinn Aron Guðjohnsen og Viktor Júlíusson skoruðu mörkin.

Wales hlaut 9 stig, Norður-Írjar 6, Íslendingar 3 og Færeyingar ekkert.

Opna Norðurlandamótið

Mótið var að þessu sinni haldið á Jótlandi 28. júlí - 2. ágúst. Var íslenska liðið í riðli með Svíum, Finnum og Englendingum.

Fyrsti leikurinn var gegn Englendingum sem skoruðu tvö mörk í fyrri hálfleik og þrjú í þeim seinni. Dagur Austmann Hilmarsson skoraði síðasta mark leiksins sem endaði 5-1.

Annar mótherjinn í riðlinum voru Svíar sem skoruðu eina mark leiksins í síðari hálfleik.

Lokaleikurinn í riðlinum var gegn Finnum og endaði sá leikur með markalausum jafntefli.

Í leikjum um sæti var spilað við Færeyinga. Erlingur skoraði í fyrri hálfleik, Máni Austmann Hilmarsson skoraði í þeim síðari og tryggði 0-2 sigur og 7. sætið í mótinu.

Svíar urðu Norðurlandameistarar eftir 2-0 sigur á Norðmönnum í úrslitaleiknum, og Danir hlut brons eftir sigur á Englendingum.

Undankeppni EM

Riðill Íslands í undankeppni Evrópumótsins var leikinn í Moldavíu í október. Auk heimamanna voru Armenar og Ítalir með okkar drengjum í riðli.

Fyrsti leikurinn var gegn heimamönnum og endaði hann með markalausum jafntefli.

Næst var leikið gegn Armenum og þar skoruðu Máni og Erlingur mörkin í 0-2 sigri.

Lokaleikurinn var gegn Ítölum. Máni skoraði í upphafi síðari hálfleiks, en Ítalir, sem höfðu þegar tryggt sig áfram, jöfnuðu í lok leiksins. Jafnteflið var samt nóg og annað árið í röð kemst U17 áfram í milliriðil. Ítalir unnu riðilinn með 7 stig, Ísland hlaut 5, Moldóvar 4 en Armenía lauk keppni án stiga.

Í desember var dregið í milliriðla og dróst íslenska liðið í riðil með Austurríki, Rússlandi og Wales og verður leikið í Rússlandi í mars.

U19 – Leikmenn fæddir 1995 og síðar

Vináttulandsleikir

Liðið lék tvo vináttuleiki við Svía í Kórnum og Egilshöll í byrjun mars. Fyrri leikinn vann íslenska liðið 3-0 með mörkum Samúels Kára Friðjónssonar og Kristjáns Flóka Finnbogasonar, auk sjálfsmarks Svía. Seinni leikurinn vannst 2-0 með mörkum frá Emil Ásmundssyni og Oliver Sigurjónssyni.

Milliriðill Evrópumótsins

Íslenska liðið var í riðli með Írum, Serbum og Tyrkjum, en leikið var í Írlandi um mánaðamótin maí/júní. Fyrsti leikurinn var gegn Írum, sem skoruðu tvívegis í seinni hálfleik áður en Ævar Ingi Jóhannesson minnkaði muninn. Lengra komst íslenska liðið ekki og Írar unnu 2-1.

Serbar voru næstu andstæðingar og gerðu þeir tvö mörk seint í fyrri hálfleik, önnur þrjú á sex mínútum fljótlega eftir hlé og svo eitt undir lokin og unnu 6-0 sigur.

Lokaleikurinn var gegn Tyrkjum sem komust fljótlega yfir, en mörk frá Orra Sigurði Ómarssyni og Kristjáni Flóka sneru leiknum áður en Tyrkir jöfnuðu fyrir hlé. Tyrkneska liðið bætti tveimur mörkum við seint í leiknum, en síðasta markið skoraði Elías Már Ómarsson í viðbótartíma og leiknum lauk 4-3.

Serbar komust í úrslitakeppnina á hagstæðari markamun en Tyrkir, en bæði lið hlutu 7 stig, Írar fengu 3 og okkar menn ráku lestina án stiga.

U19 – Leikmenn fæddir 1996 og síðar

Verkefni ársins voru tveir æfingaleikir og undankeppni Evrópumótsins.

Vináttulandsleikir gegn Norður-Írum

Leiknir voru tveir vináttuleikir í Belfast í byrjun september.

Fyrri leikurinn endaði 2-2 þar sem okkar menn komust í 0-2 með mörkum Samúels Kára og Óttars Magnúsar Karlssonar í fyrri hálfleik en heimamenn jöfnuðu í síðari hálfleik. Seinni leikinn unnu svo heimamenn sannfærandi 3-1, Ragnar Már Lárusson skoraði síðasta mark leiksins.

Undankeppni Evrópumótsins

Leikið var í Split í Króatíu í október og auk heimamanna voru Tyrkir og Eistar mótherjarnir.

Fyrsti leikurinn gegn Tyrkjum tapaðist 7-3. Íslenska liðið komst yfir með marki Alberts Guðmundssonar og jafnaði í 2-2 með marki frá Samúel Kára. Alexander Helgi Sigurðarson skoraði síðasta mark íslenska liðsins og breytti þá stöðunni í 6-3.

Heimamenn voru næstu andstæðingar og eftir markalausan fyrri hálfleik skoruðu Króatarnir tvisvar áður en Aron Freyr Róbertsson minnkaði muninn, en Króatarnir gulltryggðu svo 4-1 sigur með tveimur mörkum undir lokin.

Eistar voru lokaandstæðingarnir og unnu þeir 3-0 sigur.

Króatar unnu riðilinn með 5 stig, Tyrkir fylgdu þeim í milliriðla með 5 stig, Eistar hlutu 4 stig en Íslendingar ekkert.

U15 – Leikmenn fæddir 1999

Ólympíuleikar ungmenna í Nanjing í Kína 15.-27. ágúst

Alls tóku lið frá 6 þjóðlöndum þátt í knattspyrnu drengja og voru það Perú, Suður-Kórea, Ísland, Grænhöfðaeyjar, Hondúras og Vanuatu-eyjar.

Ísland var fulltrúi Evrópu og var í riðli með Hondúras og Perú.

Íslenska liðið vann öruggan 5-0 sigur á Hondúras í fyrsta leik riðilsins. Helgi Guðjónsson skoraði þrjú mörk og þeir Kolbeinn Birgir Finnsson og Aron Kári Aðalsteinsson sitt markið hvor.

Perú komst 2-0 yfir í öðrum leiknum áður en Torfi Tímóteus Gunnarsson minnkaði muninn, en lengra komst íslenska liðið ekki. Perú vann svo Hondúras og tryggði sér sigur í riðlinum, Ísland varð í öðru sæti og Hondúras í því þriðja.

Í undanúrslitum mætti íslenska liðið Suður-Kóreu. Helgi Guðjónsson skoraði fyrsta mark leiksins en Suður-Kórea jafnaði og ekki voru fleiri mörk skoruð. Í víttaspyrnukeppninni höfðu Suður-kóresku strákarnir betur 3-1.

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2014

Í leiknum um þriðja sætið voru Grænhöfðaeysjar andstæðingurinn. Kolbeinn og Torfi komu íslenska liðinu í 2-0 í fyrri hálfleik og í þeim síðari skorðu andstæðingarnir sjálfsmark og Helgi skoraði síðasta markið í 4-0 sigri og bronsverðlaun í höfn. Lið Perú vann til gullverðlauna og Suður-Kórea varð í öðru sæti. Alls voru leiknir 11 leikir í drengjakeppninni og voru áhorfendur samtals 116.572, eða 10.597 að meðaltali á leik.

Úrtökumót

Hið árlega úrtökumót drengja fór fram að Laugarvatni í ágúst. Þar komu saman 64 leikmenn frá 32 félögum víðs vegar af landinu og fór mótið að venju vel fram. Úrtökumótið var haldið vegna vals á drengjum sem eru gjaldgengir í U17 liðið 2015.

Lokaorð

Á árinu 2014 léku liðin tuttugu og níu leiki - sigur vannst í sjö þeirra, liðin gerðu sex jafntefli og tapleikir urðu sextán. Árangur liðanna á árinu er þokkalegur en einungis U17 komst í milliriðil Evrópumótsins. Árangur U15 var góður, en þetta er í fyrsta sinn sem Ísland er fulltrúi Evrópu á Ólympíuleikum ungmenna og bronsverðlaun uppskeran.

Ég vil þakka fararstjórum, þjálfurum, læknum, sjúkraþjálfurum og liðsstjórum liðanna fyrir mjög gott og árangursríkt starf á árinu. Meðnefndarmönnum mínum og starfsmanni nefndarinnar Gunnari Gylfasyni vil ég einnig þakka fyrir gott og árangursríkt samstarf.

Þórarinn Dúi Gunnarsson, formaður

Skýrsla landsliðsnefndar kvenna

Landsliðsnefnd kvenna var skipuð eftirtöldum árið 2014: Guðrún Inga Sívertsen formaður, Arna Steinsen, Erla Hendriksdóttir, Hanna Dóra Markúsdóttir, Laufey Sigurðardóttir og Ragnhildur Skúladóttir. Starfsmaður nefndarinnar var Klara Bjartmarz.

Hlutverk landsliðsnefndar er umsjón með A landsliði kvenna, en verkefni ársins voru vináttuleikur og undankeppni HM 2015. Landsliðsþjálfari var Freyr Alexandersson, Ásmundur Haraldsson aðstoðarþjálfari, Ólafur Pétursson markmannsþjálfari, sjúkrapjálfari Jófríður Halldórsdóttir, læknir Óskar Valdórssón, nuddarar Margrét Unnur Sigtryggisdóttir og Erla Hendriksdóttir og liðsstjórar þær Margrét Ákadóttir og Laufey Ólafsdóttir.

Keppnistímabilið hófst með fjórum vináttuleikjum á Algarve í Portúgal. Fyrsti leikur liðsins, og jafnframt eini tapleikurinn á mótinu, var gegn Þýskalandi, 0-5. Í næsta leik voru Norðmenn lagðir 2-1 með mörkum Mistar Edvarsdóttur og Hörpu Þorsteinsdóttur. Fanndís Friðriksdóttir skoraði eina mark leiksins í 1-0 sigri á Kína, og lék íslenska liðið því um þriðja sæti mótsins. Í þeim leik voru frænkur okkar í Svíþjóð lagðar 2-1 þar sem Sara Björk Gunnarsdóttir og Harpa skoruðu mörkin. Eftir þessa góðu byrjun á árinu ríkti bjartsýni fyrir HM leiki ársins. Sá fyrsti var gegn Ísrael ytra og vann íslenska liðið 1-0, þar sem Dagný Brynjarsdóttir skoraði mark okkar. Næst lá leiðin til Möltu þar sem heimakonur voru gjörsigraðar 8-0 með mörkum þeirra Hörpu (3), Dóru Maríu Lárusdóttur, Dagnýjar (2), Fanndísar og Guðmundu Brynju Óladóttur. Þriðji HM leikur ársins var gegn Sviss þar sem íslenska liðið sá aldrei til sólar og tapaði 0-3. Jafntefli í næsta leik gegn Dönum á útivelli (1-1) gaf liðinu þó veika von um að komast í aukaleiki um sæti á HM. Dóra María skoraði markið mikilvæga gegn Dönum. Eftir fjóra útileiki í röð var kominn tími til að spila á heimavelli. Fyrsti heimaleikurinn á árinu var í júní gegn Möltu, og lauk þeim leik með 5-0 sigri Íslands. Þar skoruðu þær Hólfríður Magnúsdóttir, Elín Metta Jensen (2), Dóra María og Dagný mörk Íslands. Í ágúst kom Danmörk á Laugardalsvöll og hirti öll stigin sem í boði voru með 1-0 sigri. HM draumurinn var því úr sögunni og tveir sigrar í síðustu leikjum ársins skiptu ekki máli í því samhengi. Þriggja marka sigur vannst á Ísrael í september með mörkum þeirra Dagnýjar, Fanndísar og Söru Bjarkar og nokkrum dögum síðar voru Serbar lagðir 9-1 með mörkum þeirra Hörpu (2), Glódisar Perlu Viggósdóttur, Rakelar Hönnudóttur (2), Örnú Sifjar Ásgrímsdóttur, Dagnýjar (2) og Þóru B. Helgadóttur.

Tímamótaleikir

Fjölmarginir tímamótalandssleikir voru á starfsárinu og ber þar helst að nefna að Dóra María Lárusdóttir og Þóra B. Helgadóttur léku sína 100. landsleiki á Algarve-mótinu. Þóra tilkynnti fyrir leikinn gegn Serbum í september að hún hygðist leggja landsliðshanskana á hilluna eftir glæsilegan feril. Þetta tækifæri er notað til að þakka Þóru fyrir hennar ómetanlega framlag til íslenskrar knattspyrnu.

Lokaorð

Nokkur umsnúningur var á milli ára á árangri landsliðsins. Árið 2013 lék liðið 13 leiki, sigraði í 3, gerði 1 jafntefli og tapaði 9 leikjum. Tölfræðilega var árið 2014 mun betra. Í 12 leikjum voru 8 sigrar, 3 töp og 1 jafntefli. Niðurstaðan var samt sem áður ekki sú sem stefnt var að, þar sem sæti á HM 2015 rann úr greipum okkar og því er stefnan nú sett á EM 2017 í Hollandi. Dreigið verður í riðla fyrir undankeppnina í apríl og þar verður íslenska liðið í fyrsta styrkleikaflokki, sem er mikið ánægjuefni.

Í janúar 2015 spilaði U23 lið okkar æfingaleik við Pólland á heimavelli. Leikurinn vannst 3-1 með mörkum frá Elínu Mettu (2) og Katrínu Ásbjörnsdóttur. Verkefni sem þetta fyrir þennan aldurshóp er mjög mikilvægt og brúar bilið sem er á milli U19 og A-liðsins. Það að þjálfarateymið nái að húa saman æfingahópi, æfa saman og spila alvöru æfingaleik mun skila sér í þeirri uppbyggingu og endurnýjun á A-liðinu sem þarf.

Að lokum vil ég þakka nefndarfólkinu Örnú, Erlu, Hönnu Dóru, Laufeyju og Ragnhildi fyrir samstarfið á árinu, en þær hafa lagt ómetanlegan tíma og metnað sinn í starfið. Þá er starfsfólki landsliðsins þakkað fyrir þeirra störf og sérstaklega vil ég þakka starfsmanni nefndarinnar, Klöru Bjartmarz, fyrir samstarfið, en hún hefur í gegnum árin unnið frábært starf í þágu landsliðsins og knattspyrnunnar á Íslandi. Einnig ber að þakka starfsmönnum á skrifstofu KSÍ sem eru ávallt reiðubúnir til að aðstoða, sem og öðrum þeim sem greiddu götu okkar á árinu. Öllu þessu frábæra fólki er þakkað fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf. Síðast en ekki síst er leikmönnum íslenska liðsins þakkað ómetanlegt framlag til íslenskrar knattspyrnu.

Guðrún Inga Sívertsen, formaður

Skýrsla unglínganefndar kvenna

Unglínganefnd kvenna var skipuð eftirtöldum árið 2014: Ragnhildur Skúladóttir, formaður, Jakob Skúlason, Kristbjörg Helga Ingadóttir, Sigríður Fanney Pálsdóttir, Sigrún Ríkharðsdóttir og Tómas Þóroddsson. Starfsmaður nefndarinnar var Klara Bjartmarz.

Hlutverk unglínganefndar kvenna er umsjón með U19 og U17 landsliðum kvenna. Ólafur Þór Guðbjörnsson var þjálfari U19 fram yfir milliriðla EM og honum til aðstoðar var Úlfar Hinriksson. Úlfar Hinriksson stjórnaði U19 liðinu í undankeppni EM síðastliðið haust og honum til aðstoðar var Þórður Þórðarson sem var síðan ráðinn landsliðsþjálfari U19 kvenna og honum til aðstoðar Hjálmur Dór Hjálmsson.

Úlfar Hinriksson var þjálfari U17 og voru Arnar Bill Gunnarsson, Bojana Bosic, Margrét Ákadóttir og Þórður Þórðarson honum til aðstoðar. Þá var Gísli Þór Einarsson markvarðþjálfari liðanna. Sjúkraþjálfarar voru þær Ásta Árnadóttir og Guðrún Sigurðardóttir. Eyþór Örn Jónsson, Hjördís Smith, Hjörtur Þór Hauksson, Reynir Björn Björnsson, Sigurbjörn Björnsson og Valur Helgi Kristinsson voru læknar liðanna. Liðsstjórar voru þær Kristbjörg Helga Ingadóttir, Mínerva Alfreðsdóttir og Sigríður Fanney Pálsdóttir.

U19 – Kvinnalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1995 og síðar

Í mars lék íslenska liðið tvo vináttuleiki við Finna í undirbúningsskyni fyrir milliriðla EM. Íslenska liðið tapaði báðum leikjum, þeim fyrri 4-1 þar sem Hanna Kristín Hannesdóttir skoraði mark Íslands og þeim síðari 2-0.

Í byrjun apríl lék U19 landslið kvenna í milliriðlum EM og fór riðillinn fram í Króatíu. Í fyrsta leiknum var leikið gegn Skotum og töpuðu okkar stúlkur illa, 1-5. Svava Rós Guðmundsdóttir skoraði mark Íslands. Næsti leikur tapadist einnig, að þessu sinni 2-4 fyrir Rússum. Elín Metta Jensen og Telma Hjaltalín Þrastardóttir skorudu mörk Íslands. Síðasti leikurinn í riðlinum var gegn Króötum og endaði hann með 1-1 jafntefli. Telma Hjaltalín skoraði markið.

U19 – Kvinnalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1996 og síðar

Í apríl lék íslenska liðið í því sem kallað hefur verið „aukamót“ UEFA í Færeyjum. Leiknir voru tveir leikir, sá fyrri gegn heimamönnum þar sem íslenska liðið sigraði örugglega 2-0 með mörkum þeirra Huldu Hrunnar Arnarsdóttur og Estherar Rósar Arnarsdóttur. Seinni leikurinn var gegn Skotum og þar tapaði íslenska liðið 0-1.

U19 – Kvinnalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1996 og síðar

Í september lék liðið í undankeppni EM í Litháen. Fyrsti leikur var gegn Litháen og vann íslenska liðið öruggan 8-0 sigur. Mörk Íslands skorudu þær Ingibjörg Sigurðardóttir, Esther Rós Arnarsdóttir, Guðrún Karitas Sigurðardóttir (3), Lillý Rut Hlynisdóttir, Andrea Rán S. Hauksdóttir og Sigríður María S. Sigurðardóttir. Liðið sigraði einnig í sínum öðrum leik, gegn Króatíu 1-0. Markið skoraði Ingibjörg Sigurðardóttir. Tap í lokaleiknum gegn Spáni (1-2) kom ekki að sök, þar sem íslenska liðið var öruggt áfram í milliriðla. Hulda Hrunnar Arnarsdóttir skoraði markið gegn Spáni. Framundan eru milliriðlar í Frakklandi í byrjun apríl þar sem leikið verður við lið heimamanna, Rúmena og Rússa.

U19 – Kvinnalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1997 og síðar

Haustið 2015 hefst forkeppni fyrir EM U19 kvenna 2016. Þar mætum við Georgíu, Grikklandi og Sviss en leikið verður í Grikklandi.

U17 – Kvinnalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1998 og síðar

Í apríl fór fram aukamót UEFA fyrir þennan aldursflokk og fór riðill Íslands fram á Norður-Írlandi. Ísland lék þrjá leiki og var fyrsti leikurinn gegn Wales. Leiknum lauk með 4-0 sigri Íslands þar sem Andrea Mist Pálsdóttir, Jasmín Erla Ingadóttir, Elena Brynjarsdóttir og Anna Rakel Pétursdóttur skorudu mörk Íslands. Annar leikur liðsins var gegn Norður-Írum og lauk honum með 0-2 tapi. Lokaleikur Íslands var gegn Færeyjum og lauk þeim leik með 5-1 sigri okkar stúlkna. Mörkin skorudu þær Andrea Celeste Thorisson (3), Elena og Jasmín.

Í byrjun júlí fór fram Norðurlandamót stúlkna í Svíþjóð. Íslenska liðið tapaði öllum leikjum sínum á mótinu, gegn Svíþjóð 0-3, gegn Englandi 1-3 þar sem Una Margrét Einarsdóttir skoraði mark Íslands, gegn Hollandi 0-6 og lokaleiknum gegn Finnlandi 2-3. Elena og Una skoruðu mörk Íslands gegn Finnum.

U17 – Kvinnalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1998 og síðar

Íslenska liðið tók ekki þátt í undankeppni EM 2015 þar sem úrslitakeppnin verður haldin hér á landi og fær Ísland sjálfkrafa keppnisrétt sem gestgjafi.

U17 – Kvinnalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1998 og síðar

Þar sem íslenska liðið tók ekki þátt í undankeppni EM lék liðið tvo vináttuleiki við Finna í nóvember. Skemmst er frá því að segja að báðir leikirnir töpuðust, sá fyrri 2-0 og sá síðari 1-0 en sá leikur var spilaður á móti leikmönnum fæddum 1997.

Lokaorð

Sjaldan eða aldrei hafa leikir yngri landsliða kvenna verið jafn margir á einu ári og á árinu 2014, en árangurinn hefur oft verið betri. Það jákvæða við árangur ársins er að U19 kvenna komst í milliriðla EM sem fram fara í apríl 2015 en ekki er hægt að líta framhjá því að liðið lék 10 leiki á síðasta ári og sigraði einungis í þremur þeirra. Svipaða sögu er að segja af U17 kvenna, en liðið lék 9 leiki á síðasta ári og sigraði í tveimur. Við þetta tækifæri í síðustu ársskýrslu var rætt um að framundan væri varnarbarátta í yngri landsliðum kvenna. Tölfræðilegur árangur á milli ára hefur versnað og er það áhyggjuefni. Nú þarf að snúa vörn í sókn og ná aftur fyrri stöðu meðal þeirra bestu í Evrópu. Það er áhyggjuefni að stúlkurnar virðast standa talsvert að baki jafnöldrum sínum í Evrópu hvað líkamlegt atgervi snertir og er það staðreynd sem ekki er hægt að líta framhjá. Umgjörð landsliðanna hefur batnað til muna á síðustu árum, en nú eru sjúkraþjálfarar á öllum æfingum og markmannsþjálfarar hafa bæst við þjálfarateymi liðanna.

Mörg verkefni eru á döfinni á árinu 2015. UEFA verður með æfingamót fyrir U16 landslið stúlkna, U17 liðið leikur vináttuleiki gegn Írum í mars og síðan þarf að huga að frekari undirbúningi fyrir úrslitakeppni EM. U19 tekur þátt í milliriðlum EM í apríl og verið er að leita að vináttuleikjum fyrir milliriðlana. Þá tekur liðið þátt í undankeppni EM næsta haust. Eins og sést á þessari upptalningu þá eru næg verkefni framundan hjá yngri landsliðum kvenna á árinu sem er gleðilegt. Stærsta verkefni ársins 2015 verður úrslitakeppni U17 sem haldin verður á suð-vestur horninu í sumar og er það mikið tilhlökkunarefni.

Að lokum vil ég þakka samnefndarmönnum mínum, þjálfurum, sjúkraþjálfurum, læknum, liðsstjórum og Klöru Bjartmarz starfsmanni landsliðanna og öðrum starfsmönnum á skrifstofu KSÍ fyrir mjög gott samstarf.

Ragnhildur Skúladóttir, formaður

Landsleikir

Árangur landsliða Íslands á árinu 2014										
Lið	Leikir				Mörk		Hlutföll			Markamismunur
	L	U	J	T	Skoruð	Fengin á sig	Sigrar	Jafntefli	Töp	
A karla	9	4	1	4	13	11	44%	11%	44%	2
U21 karla	6	1	3	2	8	7	17%	50%	33%	1
U19 karla	10	2	1	7	16	31	20%	10%	70%	-15
U17 karla	15	3	4	8	13	20	20%	27%	53%	-7
U16 karla	4	2	1	1	11	3	50%	25%	25%	8
Samtals karla	44	12	10	22	61	72	27%	23%	50%	-11
Lið	Leikir				Mörk		Hlutföll			Markamismunur
	L	U	J	T	Skoruð	Fengin á sig	Sigrar	Jafntefli	Töp	
A kvenna	12	8	1	3	32	13	67%	8%	25%	19
U19 kvenna	10	3	1	6	17	19	30%	10%	60%	-2
U17 kvenna	9	2	0	7	12	21	22%	0%	78%	-9
Samtals kvenna	31	13	2	16	61	53	42%	6%	52%	8
Samanlagt	75	25	12	38	122	125	33%	16%	51%	-3

*Yfirlit landsleikja ársins má sjá á vef KSÍ undir
www.ksi.is/landslid/landsleikir*

*Yfirlit þeirra leikmanna sem tóku þátt í verkefnum ársins má sjá á vef KSÍ undir
www.ksi.is/mot/leikir-mork-lids/*

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2014

A landsleikir karla 2014

Leikir og mörk liða í mótum - Leikir og mörk: Ísland Árið: 2014										Listinn settur saman: 1.12.2014 13:33:22					
Tákn móts	Ú	Ú	Ú	H	H	Ú	H	Ú	Ú						
Dagsetning	21.01	05.03	30.05	04.06	09.09	10.10	13.10	12.11	16.11						
Mótherji	Svíþjóð	Wales	Austurríki	Estland	Tyrkland	Lettland	Holland	Belgía	Tékkland						
Áhorfendur		13300		5079	8811		9870		11354						
										LEIKIR	MÖRK	GUL	RAUD	FYRIRL.	
1	Alfreð Finnbogason		XÚ			V	-	X1	-	3	1	0	0	0	
2	Ari Freyr Skúlason	XF	XÚ	XG	XG	XG	X	XÚ	-	8	0	3	0	1	
3	Arnór Smárason	XÚ								1	0	0	0	0	
4	Aron Einar Gunnarsson		XF	XF	XFÚ	XF	XF1	XF	XFÚ	8	1	0	0	8	
5	Birkir Bjarnason		V	X	X	XÚ	X	V	XÚ	8	0	0	0	0	
6	Birkir Már Sævarsson	X	-	X		-	V	X	V	5	0	0	0	0	
7	Björn Daniel Sverrisson	V	V							2	0	0	0	0	
8	Eggert Gunnþór Jónsson		-							0	0	0	0	0	
9	Emil Hallfreðsson		X	XÚ	XÚ	X	XÚ	X	XÚ	7	0	0	0	0	
10	Guðjón Baldvinsson	V			V					2	0	0	0	0	
11	Guðlaugur Victor Pálsson				V					1	0	0	0	0	
12	Guðmundur Kristjánsson	V								1	0	0	0	0	
13	Guðmundur Þórarinnsson	V								1	0	0	0	0	
14	Gunnleifur Vignir Gunnleifsson		-	-	XÚ	-	-	-	-	1	0	0	0	0	
15	Gylfi Þór Sigurðsson		X	-	XÚ	XÚ01	XÚ1	X2	-	6	4	1	0	0	
16	Haldór Orri Björnsson		V		V					1	0	0	0	0	
17	Hallgrímur Jónsson	XÚ		V	X	-	-	-	X	4	0	0	0	0	
18	Hannes Þór Halldórsson	X	X	X	-	X	X	X	-	7	0	0	0	0	
19	Haukur Heiðar Hauksson				-	-				0	0	0	0	0	
20	Haukur Páll Sigurðsson	XÚ								1	0	0	0	0	
21	Helgi Valur Danielsson		-	V	V	-	-	-	XÚ	3	0	0	0	0	
22	Hólmur Örn Eydólfsson								V	1	0	0	0	0	
23	Hörður Björgvin Magnússon								X	1	0	0	0	0	
24	Indriði Sigurðsson	X								1	0	0	0	0	
25	Ingvar Jónsson					-	-	-	V	1	0	0	0	0	
26	Jóhann Berg Guðmundsson		X1	-		-			X	3	1	0	0	0	
27	Jóhann Laxdal	-								0	0	0	0	0	
28	Jón Daði Böðvarsson	XÚ		V		XÚ1	XÚ	XÚ	V	7	1	0	0	0	
29	Kári Árnason		X	XÚ	-	X	X	X	-	6	0	0	0	0	
30	Kolbeinn Sigþórsson		XÚ	X1	X1	X1	X	X	-	7	3	1	0	0	
31	Kristinn Jónsson	V	VG						XG	2	0	1	0	0	
32	Kristján Gauti Emilsson									0	0	0	0	0	
33	Matthías Vilhjálmsson	XÚ								1	0	0	0	0	
34	Ólafur Ingi Skúlason		-			V	-	-	V	3	0	0	0	0	
35	Ragnar Sigurðsson		XÚ	V	XÚ	X	X	X	XÚ	8	1	1	0	0	
36	Rúnar Alex Rúnarsson									0	0	0	0	0	
37	Rúrik Gíslason			XÚ	XÚ	V	V1	V	X	7	1	1	0	0	
38	Steinþór Freyr Dorsteinsson	XÚ							VG	1	0	0	0	0	
39	Sverrir Ingi Ingason	V								1	0	0	0	0	
40	Sölvi Geir Ottesen Jónsson		VG	XGÚ	V	-	-	-	-	3	0	2	0	0	
41	Theodór Elmar Bjarnason	X	X	V	X	X	X	X	XGÚ	8	0	1	0	0	
42	Viðar Örn Kjartansson			XÚ		V	-	-	XÚ	3	0	0	0	0	
43	Þórarinn Ingi Valdimarsson					-	-	-		0	0	0	0	0	
44	Ógmundur Kristinsson				V				XÚ	2	0	0	0	0	
	Útslit:	2-0	3-1	1-1	1-0	3-0	0-3	2-0	3-1	2-1					

X = Í byrjunarliði - = Var í hópi G = Gul spjöld (11) F = Fyrirliði Fjöldi áhorfenda: 48214 3 Heima: 23580 8 Úti: 24854
 Ú = Skipt Útaf V = Skipt inná R = Rauð spjöld (0)

<http://www.ksi.is/mot/leikir-mork-lids/leikir/?felag=138824&valid=32123%2C32124&arr=2014&mot=32123&mot=32124>

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2014

U21 landsleikir karla 2014 (árgangur 1992 og yngri)

Leikir og mörk liðs í mótum - Leikir og mörk: Ísland Árið: 2014 Listinn settur saman: 1.12.2014 13:38:02

Tákn móts	Ú	H	H	Ú	Ú	H						
Dagsetning	05.03	05.06	03.09	08.09	10.10	14.10						
Mótherji	Kasakstan	Svíþjóð	Armenía	Frakkland	Danmörk	Danmörk						
Áhorfendur												
							LEIKIR	MÖRK	GUL	RAUÐ	FYRIRL.	
1	Andri Rafn Yeoman	X		X	X	X	XG	5	0	1	0	0
2	Anton Ari Einarsson							0	0	0	0	0
3	Arnór Ingvi Traustason	XÚ	XÚ	XÚ	XÚ	X	XÚ	6	0	0	0	0
4	Arnþór Ari Atlason		V					1	0	0	0	0
5	Aron Elís Þrándarson		XÚ	V	V			3	0	0	0	0
6	Aron Sigurðarson		XÚ					1	0	0	0	0
7	Árni Vilhjálmsson	VG	X	-	-	-	V	3	0	1	0	0
8	Ásgeir Eypörsson		X					1	0	0	0	0
9	Bergsveinn Ólafsson		X					1	0	0	0	0
10	Brynjar Gauti Guðjónsson		-	V	-	X	X	3	0	0	0	0
11	Elías Már Ómarsson				V	-	-	1	0	0	0	0
12	Elís Rafn Björnsson		XÚ					1	0	0	0	0
13	Emil Atlason	VÚ		XÚ1	V	X	V	5	1	0	0	0
14	Emil Pálsson	V	X	-	XÚ	-	-	3	0	0	0	0
15	Frederik August Albrecht Schram	-	XÚ	-	-	-	X	2	0	0	0	0
16	Guðjón Orrí Sigurjónsson		V					1	0	0	0	0
17	Guðmundur Þórarinnsson	X		X	X	X	X	5	0	0	0	0
18	Gunnar Þorsteinsson	-	V					1	0	0	0	0
19	Hjörtur Hermannsson	X1		X	X		X	4	1	0	0	0
20	Hólmbert Aron Friðjónsson	XG1		XG2		X	XG1	4	4	3	0	0
21	Hörður Björgvin Magnússon	X		XÚ	X	XG		4	0	1	0	0
22	Jón Daði Bóðvarsson	X		XG				2	0	1	0	0
23	Kristján Gauti Emilsson	XÚ		-	X1			2	1	0	0	0
24	Orrí Sigurður Ómarsson	X		X	X	X	X	5	0	0	0	0
25	Ólafur Karl Finsen		X	V1	XÚ	X	XÚ	5	1	0	0	0
26	Rúnar Alex Rúnarsson	X		X	X	X		4	0	0	0	0
27	Sigurður Egill Lárusson	-	XGÚ		-	-	-	1	0	1	0	0
28	Sindri Snær Magnússon		V					1	0	0	0	0
29	Sverrir Ingi Ingason	XF		XF	XF	XF	XF	5	0	0	0	5
30	Tómas Öli Garðarsson	-	V					1	0	0	0	0
31	Víðir Þorvarðarson		V					1	0	0	0	0
32	Þorri Geir Rúnarsson					-	X	1	0	0	0	0
Úrslit:	3-2	0-2	4-0	1-1	0-0	1-1						

X = Í byrjunarliði - = Var í hópi G = Gul spjöld (8) F = Fyrirliði Fjöldi áhorfenda: 0 3 Heima: 0 3 Úti: 0
 Ú = Skipt Útaf V = Skipt inná R = Rauð spjöld (0)

<http://www.ksi.is/mot/leikir-mork-liðs/leikir/?felag=136924&valid=33263%2C29903%2C32643&ar=2014&mot=33263&mot=29903&mot=32643>

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2014

U19 landsleikir karla 2014 (árgangar 1995/1996/1997 og yngri)

Tákn móts	H	H	Ú	Ú	Ú	Ú	Ú	Ú	Ú	Ú	Ú	LEKIR	MÖRK	GUL	RAUÐ	FYRIRL.
Dagsetning	04.03	06.03	28.05	30.05	02.06	03.09	05.09	07.10	09.10	12.10						
Mótherji	Svíþjóð	Svíþjóð	Írland	Serbía	Tyrkland	Norður-Írland	Norður-Írland	Tyrkland	Króaía	Eistland						
Áhorfendur	168	103														
1 Adam Órn Arnarson	XG	X	XÚ	X	X							5	0	1	0	0
2 Albert Guðmundsson			V	-	-	XÚ	XÚ	XÚG1	XÚ	XGÚ		6	1	2	0	0
3 Alexander Helgi Sigurðarson						XÚ	X	V1	XÚ	V		5	1	0	0	0
4 Ari Már Andrésson								XÚ	XÚ	V		3	0	0	0	0
5 Ari Steinn Guðmundsson								-	V	V		2	0	0	0	0
6 Aron Bjarnason	V	V										2	0	0	0	0
7 Aron Freyr Róbertsson								V	X1	XÚ		3	1	0	0	0
8 Aron Rúnarsson Heiðdal	V	X										2	0	0	0	0
9 Ásgeir Frank Ásgeirsson						V	V					2	0	0	0	0
10 Ásgeir Sigurgeirsson			-	V	XGÚ							2	0	1	0	0
11 Bjarki Þór Hilmarsson									X	X		2	0	0	0	0
12 Bjarki Þór Víðarsson						XÚ	V	X	X	X		5	0	0	0	0
13 Böðvar Böðvarsson	V	V										2	0	0	0	0
14 Daði Bergsson	-	XÚ	XÚ	XÚ	X							4	0	0	0	0
15 Daníel Leó Grétarsson	X	X	X	X	XÚ							5	0	0	0	0
16 Darri Sigþórsson						V	X					2	0	0	0	0
17 Davíð Kristján Ólafsson	XÚ	V	V	XÚ	V							5	0	0	0	0
18 Eiríkur Stefánsson								V	XG	XÚ		3	0	1	0	0
19 Elías Már Ómarsson	V	V	X	-	V1							4	1	0	0	0
20 Emil Ásmundsson	XÚ	XÚ1	X	XG								4	1	1	0	0
21 Fannar Hafsteinsson	X	XÚ	-	-	XÚ							3	0	0	0	0
22 Gauti Gautason						XÚ	X	XG	X	X		5	0	1	0	0
23 Gunnlaugur Hlynur Birgisson	V	V										2	0	0	0	0
24 Heiðar Egiðsson	V	V	V	V	-							4	0	0	0	0
25 Hlynur Órn Höðversson						-	X	X	-	X		3	0	0	0	0
26 Hörður Fannar Björgvinsson						X	-					1	0	0	0	0
27 Jón Ingason	V	X	X	XÚ	X							5	0	0	0	0
28 Kristján Þóki Finnþósson	XÚ1	XÚ	X	X	XG1							5	2	1	0	0
29 Magnús Pétur Bjarnason						V	V	X	-	-		3	0	0	0	0
30 Max Odin Eggertsson						V	XÚ					2	0	0	0	0
31 Oliver Sigurjónsson	XF	XF01	-	-	-							2	1	0	0	2
32 Orri Sigurður Ómarsson				XF	XF1							2	1	0	0	2
33 Orri Sveinn Stefánsson						V	V	X	-	-		3	0	0	0	0
34 Ósvald Jari Traustason	XÚ	-										1	0	0	0	0
35 Óttar Magnús Karlsson						XÚ1	XÚ	-	V	XG		4	1	1	0	0
36 Ragnar Már Lárusson						XÚ	V	XÚ	-	-		3	0	0	0	0
37 Rúnar Alex Rúnarsson			XF	X	V							3	0	0	0	1
38 Samúel Kári Friðjónsson	XGÚ1	XÚ	X	X	X	XF1	XF	XF1	XF	XFGR		10	3	2	1	5
39 Sindri Björnsson			XÚ	V	X							3	0	0	0	0
40 Sindri Kristinn Ólafsson									X	-		1	0	0	0	0
41 Sindri Pálmason						X	XÚ	X	V	X		5	0	0	0	0
42 Sindri Scheving						X	XÚ	X	X	XG		5	0	1	0	0
43 Stefán Þór Pálsson	XÚ	-										1	0	0	0	0
44 Sveinn Sigurður Jóhannesson	-	V										1	0	0	0	0
45 Tómas Ingi Urbanić						V	V					2	0	0	0	0
46 Víktor Kari Einarsson						X	XÚ					2	0	0	0	0
47 Ævar Ingi Jóhannesson	XÚ	XÚ	X1	X	X							5	1	0	0	0
Úrslit:	3-0	2-0	2-1	6-0	4-3	2-2	3-1	7-3	4-1	3-0						

X = 1 byjunarliði
 Ú = Skipt Útaf

- = Var í hóp
 V = Skipt inná

G = Gul spjöld (12)
 R = Rauð spjöld (1)

F = Fyrirliði

Fjöldi áhorfenda: 271

2 Heima: 271

8 Úti: 0

<http://www.ksi.is/mot/leikir-mork-lds/leikir/?felag=136924&valid=32064%2C32071%2C32067&ar=2014&mot=32064&mot=32071&mot=32067>

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2014

U17 landsleikir karla 2014 (árgangur 1997 og yngri)

Leikir og mörk liða í mótum - Leikir og mörk: Ísland Árið: 2014						Listinn settur saman: 1.12.2014 14:04:25				
Tákn móts	H	H	Ú	Ú	Ú					
Dagsetning	28.02	02.03	28.03	28.03	31.03					
Mótherji	Noregur	Noregur	Úkraína	Lettland	Portúgal					
Áhorfendur	304	265								
						LEIKIR	MÖRK	GUL	RAUÐ	FYRIRL
1	Anton Freyr Hauksson	V	XÚ	X	X	X	5	0	0	0
2	Axel Óskar Andrésón	X	X	X	X	X	5	0	0	0
3	Birkir Þór Guðmundsson			X	-	X	2	0	0	0
4	Bjarki Þór Viðarsson	XÚ	V	XÚ	-	XÚ	4	0	0	0
5	Daði Bærings Halldórsson	V	V				2	0	0	0
6	Darri Sigbórsson			V	V	XFG	3	0	1	0
7	Devon Már Griffin	XÚ	XÚ				2	0	0	0
8	Ernir Bjarnason	X	XF	XF	XÚ	-	4	0	0	2
9	Fannar Orri Sævarsson	V	-	V	-	-	2	0	0	0
10	Grétar Snær Gunnarsson			XÚ	V	XGÚ	3	0	1	0
11	Hörður Fannar Björgvinsson	V	XÚ	-	X	X	4	0	0	0
12	Júliús Magnússon	-		-	X	V	2	0	0	0
13	Kristófer Konráðsson	XÚ	V				2	0	0	0
14	Ólafur Hrafn Kjartansson	XÚ	V	V	X	X	5	0	0	0
15	Óttar Magnús Karlsson	XÚ	X	X	X	XÚ	5	0	0	0
16	Pétur Steinn Þorsteinsson	V	XÚ	-	X	V	4	0	0	0
17	Ragnar Már Lárusson	XÚ	XÚ	X	XÚ	V	5	0	0	0
18	Sindri Kristinn Ólafsson	XÚ	V	X	-	-	3	0	0	0
19	Sindri Soheving	V	X	X	XÚ	XG	5	0	1	0
20	Sólon Breki Leifsson	V1	V				2	1	0	0
21	Stefán Bjarni Hjaltested	X	XÚ	-Ú	V	-	3	0	0	0
22	Steinar Þorsteinsson		-				0	0	0	0
23	Viktor Helgi Benediktsson	-	V				1	0	0	0
24	Viktor Karl Einarsson	XF	XÚ	X	XF	X	5	0	0	2
	Úrslit:	1-2	0-3	2-0	0-0	3-0				

X = Í byrjunarliði - = Var í hópi G = Gul spjöld (3) F = Fyrirliði Fjöldi áhorfenda: 589 2 Heima: 569 3 Úti: 0
 Ú = Skipti útaf V = Skipti inná R = Rauð spjöld (0)

<http://www.ksi.is/mot/leikir-mork-lids/leikir/?felag=138024&valid=32072%2032344&ar=2014&mot=32072&mot=32344>

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2014

U17 landsleikir karla 2014 (árgangur 1998 og yngri)

Leikir og mörk liða í mótum - Leikir og mörk: Ísland Árið: 2014								Listinn settur saman: 1.12.2014 14:07:42				
Tákn móts	Ú	Ú	Ú	Ú	Ú	Ú	Ú					
Dagsetning	08.04	09.04	11.04	28.07	29.07	31.07	02.08					
Mótherji	Wales	Norður-Írland	Færeyjar	England	Svíþjóð	Finland	Færeyjar					
Áhorfendur	114							LEIKIR	MÖRK	GUL	RAUD	FYRIRL.
1	Alexander Ívan Bjarnason	X	V	XÚ				3	0	0	0	0
2	Alfons Sampsted	XÚ	X	XÚ	V	V	X	7	0	0	0	0
3	Andri Þór Grétarsson	XÚ	X	-	X	-	V	5	0	0	0	0
4	Arnór Breki Áspórsson	V	X	V				3	0	0	0	0
5	Aron Már Brynjarsson				X	V	-	3	0	0	0	0
6	Axel Óskar Andrésson				X	X	X	4	0	0	0	1
7	Birkir Valur Jónsson	X	X	V	X	X	XÚ	7	0	0	0	0
8	Brynjar Óli Bjarnason	V	XÚ	V				3	0	0	0	0
9	Daði Freyr Arnarsson	V	-	X	V	X	XÚ	6	0	0	0	0
10	Dagur Austmann Hilmarsson	XÚ	V	X1	XÚ1	X	XGÚ	6	2	1	0	0
11	Denis Hoda			V	V	XÚ	V	4	0	0	0	0
12	Erlingur Agnarsson	X	XÚ	V1	XÚ	V	X	7	2	0	0	0
13	Hörður Ingi Gunnarsson			V	V	XÚ	V	4	0	0	0	0
14	Jón Dagur Þorsteinsson			X	V	V	XÚ	4	0	0	0	0
15	Júlíus Magnússon	XF	XFGÚ	XFÚ	XÚ	X	X	7	0	1	0	3
16	Kristófer Konráðsson	XÚ	XÚ	X1	XÚÚ	X	XÚ	7	1	0	0	0
17	Máni Austmann Hilmarsson	V	XÚ	-	XÚ	V	X	6	1	0	0	0
